

Sp.

218. Svar

[114. mál]

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um álagningu skatta árin 1985 og 1986.

Ráðuneytið fól ríkisskattstjóra að taka saman umbeðnar upplýsingar og fylgir svar hans hér með:

Reykjavík, 25. nóvember 1986.

Meðfylgjandi sendist yður niðurstaða athugunar á tekjum og eignum tannlækna gjaldárin 1985 og 1986 samkvæmt fyrirspurn frá Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanni.

Vakin er athygli á að spurningu nr. 2 er svarað á tvennan hátt, annars vegar hvað varðar heildartekjur sem fram koma á skattframtölum og hins vegar hvað varðar heildarrekstrar-tekjur og hlutfall kostnaðar af þeim.

Af orðalagi fyrirspurnarinnar má ráða að fyrirspyrjandi er í reynd að spyrjast fyrir um seinna atriðið þótt notað sé hugtakið „heildartekjur“.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra,
Skúli Eggert Þórðarson.

1. Heildarálagningarstofn.

Heildarálagningarstofn til útsvars, tekjuskatts og eignarskatts hjá starfandi tannlæknum hér á landi, gjaldárin 1985 og 1986, var sem hér segir (tölur í dálkum alltaf krónur):

| | 1986 | 1985 |
|-------------------|-------------|-------------|
| Útsvarsstofn | 217 252 576 | 150 060 769 |
| Tekjuskattsstofn | 193 138 024 | 132 975 546 |
| Eignarskattsstofn | 510 601 090 | 386 680 840 |

2. Framtaldar heildareignir og tekjur.

Gjaldárið 1985.

1. Skattskyldar heildartekjur tannlækna (einstaklinga) samkvæmt framtölum voru 154 645 434 kr. Skipting þeirra var með svofelldum hætti:

| | |
|--|------------|
| Launatekjur (reitur 21 á framtali) | 23 826 171 |
| Reiknuð laun við eigin atvinnurekstur (reitur 24 á framtali) | 90 086 899 |
| Hreinar tekjur af atvinnurekstri (reitur 62 á framtali) | 31 314 331 |
| Eignatekjur (reitur 71–77 á framtali) | 264 455 |
| Aðrar skattskyldar tekjur | 9 153 578 |

Þá höfðu sömu aðilar eftirgreindar óskattskyldar vaxta-
tekjur (úr reitum 12, 14 og 19 á framtali) 8 750 484

2. Heildarrekstrartekjur af atvinnurekstri tannlækna, einstaklinga og félaga voru 372 906 169 kr. Skipting þeirra var með svofelldum hætti:

| | |
|---|-------------|
| Rekstrarkostnaður samtals var | 221 907 186 |
| Laun eigenda (reiknuð laun og laun eigenda lögaðila sem reka tannlæknastofur) voru | 94 797 752 |
| Reiknuð laun maka voru | 13 021 670 |
| Hreinar tekjur (rekstrarhagnaður tannlækna, maka þeirra og eigenda lögaðila) voru | 33 918 931 |
| Framlag í fjárfestingarsjóð var | 9 260 630 |

Hlutfall rekstrarkostnaðar tannlæknastofa af framtöldum heildartekjum gjaldárið 1985, vegna tekna ársins 1984, er því tæp 59,51%.

Gjaldárið 1986.

3. Skattskyldar heildartekjur tannlækna (einstaklinga) samkvæmt skattframtölum voru 221 890 626 kr. Skipting þeirra var með svofelldum hætti:

| | |
|--|-------------|
| Launatekjur (reitur 21 á framtali) | 31 136 059 |
| Reiknuð laun við eigin atvinnurekstur (reitur 24 á framtali) | 127 066 588 |
| Hreinar tekjur af atvinnurekstri (reitur 62 á framtali) | 41 769 067 |
| Eignatekjur (reitir 71–77 á framtali) | 545 798 |
| Aðrar skattskyldar heildartekjur | 21 373 114 |

Pá höfðu sömu aðilar eftirgreindar óskattskyldar vaxta-
tekjur (úr reitum 12, 14 og 19 á framtali) 16 128 229

4. Heildarrekstrartekjur af atvinnurekstri tannlækna, einstaklinga og félaga voru 530 641 643 kr. Skipting þeirra var með svofelldum hætti:

| | |
|---|-------------|
| Rekstrarkostnaður samtals var | 315 055 141 |
| Laun eigenda (reiknuð laun eigenda og laun eigenda lögaðila sem reka tannlæknastofur) voru | 133 457 008 |
| Reiknuð laun maka eigenda voru | 19 788 807 |
| Hreinar tekjur (rekstrarhagnaður eigenda, maka þeirra og hagnaður lögaðila) voru | 44 914 622 |
| Framlag í fjárfestingarsjóð var | 17 426 065 |

Hlutfall rekstrarkostnaðar tannlæknastofa af framtöldum heildartekjum gjaldárið 1986, vegna tekna ársins 1985, er því rúm 59,37%.

Eignir:

5. Heildareignir tannlækna og maka þeirra samkvæmt skattframtölum 1985, er miðast við eignir 31. des. 1984, voru 881 788 136 kr. Skuldir sama tímabil voru 151 738 471 kr. Nettóeign tannlækna og maka þeirra var 740 889 824 kr. og er þá tekið tillit til þeirra sem skulda umfram eignir en sú skuldastaða var í heild sinni 10 840 159 kr.

Í nettóeign eru innifaldar skattfrjálsar eignir, innstæður í bönkum, samtals 48 406 960 kr.

Pá var hrein eign samkvæmt efnahagsreikningum einstaklinga (reitur 01 á skattframtali) 87 740 081 kr.

6. Heildareignir tannlækna samkvæmt skattframtölum 1986, er miðast við eignir 31. des. 1985, voru 1 155 001 342 kr. Skuldir sama tímabil voru 202 659 760 kr. Nettóeign tannlækna og maka þeirra var 974 914 481 kr. og er þá tekið tillit til þeirra sem skulda umfram eignir en sú skuldastaða var í heild sinni 22 572 899 kr.

Í nettóeign eru innifaldar skattfrjálsar eignir, innstæður í bönkum, samtals 63 571 962 kr.

Pá var hrein eign samkvæmt efnahagsreikningum einstaklinga (reitur 01 á skattframtali) 116 020 916 kr.

3. Heildarálagning skatta.

Heildarálagning opinberra gjalda á alla tannlækna á landinu var sem hér segir:

1. Gjaldárið 1985.

| | | |
|------------------|------------|-----------------------------------|
| a. Útsvar | 15 452 410 | |
| b. Tekjuskattur | 36 159 455 | |
| c. Eignarskattur | 2 462 655 | (eignarskattsauki 345 313 innif.) |
| d. Aðstöðugjald | 2 812 524 | |
| e. Önnur gjöld | 4 236 109 | |

Alls 61 123 153

2. Gjaldárið 1986.

| | | |
|------------------|------------|-----------------------------------|
| a. Útsvar | 21 266 570 | |
| b. Tekjuskattur | 52 886 946 | |
| c. Eignarskattur | 3 287 498 | (eignarskattsauki 446 048 innif.) |
| d. Aðstöðugjald | 3 851 190 | |
| e. Önnur gjöld | 6 714 817 | |

Alls 88 007 021

4. Fjöldi tannlækna.

Fjöldi tannlækna samkvæmt skattframtölum var sem hér segir:

1. Gjaldárið 1985.

Tannlæknar, sem skiluðu rekstrarreikningi með skattframtölum sínum, voru 186 alls. Aðrir tannlæknar voru 23. Alls 209 að tölu. Aðrir tannlæknar eru aðilar sem nutu launatekna frá öðrum tannlæknum, sveitarfélögum, ríkissjóði, lögaðilum sem hafa rekstur tannlæknastofa með höndum og fleirum.

2. Gjaldárið 1986.

Tannlæknar, sem skiluðu rekstrarreikningi með skattframtölum sínum, voru 188 alls. Aðrir tannlæknar voru 21. Alls 209 að tölu.

5. Hluttur sjálfstæðra atvinnurekenda í álögðum tekjuskatti einstaklinga.

Heildarálagning tekjuskatts og fjöldi þeirra sem hann greiða.

1. Gjaldárið 1985.

Einstaklingar þeir, sem á árinu 1984 töldu fram tekjur af sjálfstæðum atvinnurekstri, teljast vera 21 153 að tölu. Af þeim greiddu 11 745 tekjuskatt, samtals 954 093 155 kr.

Álagður tekjuskattur einstaklinga var alls 3 919 505 892 kr.

Fjöldi gjaldenda var 78 163.

2. Gjaldárið 1986.

Einstaklingar þeir, sem á árinu 1985 töldu fram tekjur af sjálfstæðum atvinnurekstri teljast vera 22 093 að tölu. Af þeim greiddu 13 475 tekjuskatt, samtals 1 482 241 006 kr.

Álagður tekjuskattur einstaklinga var alls 5 926 953 437 kr.

Fjöldi gjaldenda var 83 500.